

Hvað gerðist bak við tjöldin?

Bókarhöfundur: **Magnús Halldórsson og Þórður Snær Júlíusson.**

Bókarheiti: **Ísland ehf - Auðmenn og áhrif eftir hrun.**

Gagnrýnandi: **Gunnlaugur A. Júlíusson**, hagfræðingur.

Útgáfa: **Vaka Helgafell, Reykjavík 2013, 293 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

“Ísland ehf - Auðmenn og áhrif eftir hrun er fróðleg bók þar sem saman eru dregnar upplýsingar um þá skák sem leikin var um fyrirtæki og fjármálakerfi þjóðarinnar á misserunum og árunum eftir hrun. Hún er nauðsynleg lesning fyrir alla þá sem vilja kynna sér hvað gerðist bak við tjöldin og tengdist viðskiptalífínu eftir bankahrunið í október árið 2008.“

Velsældin að láni

Atburðarásin sem hófst þann 8. október árið 2008 er án fordæma í sögu Íslands og líklega í sögu flestra iðnvæðra þjóða á seinni tímum. Þrír stærstu viðskiptabankar landsins hrynja á örfáum dögum. Flest stærstu fyrirtæki landsins riða til falls. Ein mesta efnahagsbóla sögunnar, sem myndaðist á árunum 2003 til ársins 2008, sprakk með hveli framan í stjórnkerfið jafnt og óbreytta landsmenn. Meirihluti þjóðarinnar, sem og fjöldi fyrirtækja stærri sem smærri, höfðu hoppað á hringekju efnahagslífsins sem snerist hraðar og hraðar. Allt virtist mögulegt. Íslendingum var talin trú um að þeir stæðu framan öðrum þjóðum hvað varðaði viðskiptavit og árangur í verslun og viðskiptum. Þjóð sem kom út úr moldarkofunum fyrir tæpri öld átti að vera búin að skjóta þjóðum með aldalanga reynslu af alþjóðlegu viðskiptalífi ref fyrir rass á einungis nokkrum árum. Svo var þjóðinni skyndilega stungið í samband við raunveruleikann. Pótemkíntjöldin féllu. Keisarinn var ekki í neinum fötum. Blákaldur veruleikinn blasti við og hann var hrollkaldur. Öll velsældin var tekin að láni. Nú var komið að skuldadögnum. Efnahagur landsins var í rúst. Neyðarlög eru sett sem gera mögulegt að hefja rústabjörgunina. Fyrst í stað grillti ekki út úr augum sökum moldviðris en smám saman fór að hilla í stærstu kennileiti. Farið var að púsla brotunum saman. Öll stærstu fyrirtæki landsins eru undir. Stórar og afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar. Margar eru þær umdeildar. Af stað fer ótrúleg atburðarás



þegar átökin hefjast um völd og áhrif í endurreistu efnahagslífi þjóðarinnar.

Endurskipulagning efnahagskerfisins

Þeir Magnús og Þórður fara skipulega og á ítarlegan hátt yfir atburðarás næstu missera og ára eftir bankahrunið í byrjun október 2008. Þeir koma víða við og tekst að skapa heildstæða og áhugaverða mynd af helstu átakasvæðum í endurreisnarferlinu. Þeir fara skipulega yfir endurreisnarferli bankanna og hvernig það þróaðist. Strax eftir hrunið dreif til landsins fjöldi lukkuriddara sem ætluðu sér að hreppa skjótfenginn gróða úr fjárhagslegum rústum bankanna. Ýmsar ákvarðanir voru teknar sem hafa orðið umdeildar þegar frá leið. Sala þrotabúa Glitnis og Kaupþing er eitt dæmi um slíkt. Annað slíkt dæmi er skuldabréfið sem samið var um að greiða skyldi kröfuhöfum Landsbankans í erlendum gjaldeyri. Íslendingar eru einfaldlega ekki að framleiða nægjanlega mikinn gjaldeyri til að hægt sé að greiða þessi hundruð milljarða króna á þeim tíma sem um var samið.

Endurreisn atvinnulífsins og þar með talin mörg stærstu fyrirtækja landsins var gríðarlega vandasamt verk. Hvaða viðmið átti að hafa við endurskipulagningu fyrirtækjanna? Átti að vernda þá sem ráku fyrirtæki sín skynsamlega fyrir hrun fyrir því að samkeppnisaðilar þeirra fengju stórkostlegar afskriftir og yrðu þannig mun betur í stakk búinir til að keppa á markaði. Stóra spurningin var síðan auðvitað hver átti að eiga fyrirtækin eftir að endurskipulagningu þeirra var lokið.

Segja má að um 2/3 hlutar íslenskra fyrirtækja hafi verið endurskipulögð á örfáum árum eftir hrunið. Það var því ljóst að þar myndi losna um marga arðvænlega bita. Fyrirtæki sem höfðu verið orðin mjög skuldsett voru nú allt í einu orðin hvítþvegin af skuldum og myndu því skila framtíðareigendum sínum góðum arði. Hverjir það yrðu lá ekki fyrir í öllum tilfellum. Höfundar fara ítarlega yfir atburðarásina hvað þetta varðar í sambandi við endurskipulagningu stórra viðskiptasamsteypa og fyrirtækja. Til að endurvekja trú á íslensku atvinnu- og viðskiptalífi þurfti að gæta þess að endurútteiling gæðanna færi fram með opnum og gagnsæjum hætti þar sem jafnræði ríkti meðal þjóðenda. Það tókst misjafnlega að mati höfunda. Um það eru rakin allmörg dæmi.

Atburðarásin er rakin við endurskipulagningu viðskiptaveldis Baugsfeðga, Björgúlfssfeðga og Bakkavararbræðra. Þar veltur á ýmsu sem fróðlegt er að lesa í samhengi. Umbrotum á fjölmiðlamarkaði eru gerð sérstök skil. Það er áhugavert að setja það í samhengi að hver hinna þriggja áður nefndra viðskiptablokka hafði yfirráð yfir fjölmiðla. Það mátti segja að eini alvöru fjölmiðillinn sem ekki var kominn á áhrifsvæði einhvers hinna svokölluðu útrásarvíkinga var ríkisútvarpið. Það getur hver og einn svarað því með sjálfum sér hvort það hafi verið alger tilviljun eða hitt að það hafi verið vegna þess að rekstur íslenskra fjölmiðla séu svo arðbær. Þeir Þórður og Magnús fara vel í gegnum atburðarásina við að endurskipuleggja eignarhald fjölmiðlanna. Þar kemur margt fróðlegt í ljós. Endurskipulagningu olúfélaganna og tryggingafélaganna eru gerð ítarleg skil. Þar voru gríðarlegir hagsmunir á ferðinni. Það sama má segja um flutningafyrirtækin til lofts og lagar.

Höfundar fjalla töluvert um aðkomu stjórnvalda að þeirri fjárhagslegu endurskipu-

lagningu fyrirtækja sem átti sér stað á árunum eftir hrun. Eins og mál höfðu skipast þá lék ríkisvaldið eitt af stóru hlutverkunum í þessu ferli öllu. Teknar voru ýmsar ákvarðanir sem þykja nokkuð umdeildar. Leidd eru fram nokkur dæmi þar um í bókinni.

Niðurstaða höfunda er meðal annars sú að ekki sé hægt að segja til um hvernig til tókst um endurskipulagningu efnahagskerfisins. Það mun tíminn leiða í ljós. Nauðsynlegt sé hins vegar að móta heilbrigðari leikreglur fyrir íslenskt viðskiptalíf en voru við lýði fyrir hrun. Baráttunni um Ísland er ekki lokið að mati höfunda. Þeir láta í ljós þá von að almenningi muni ekki skorta þrek til að ljúka henni með þeim hætti að hann standi uppi sem sigurvegari í þeim slag en sérhagsmunir lúti í lægra haldi.

Bak við tjöldin

Ísland ehf - Auðmenn og áhrif eftir hrun er fróðleg bók þar sem saman eru dregnar upplýsingar um þá skák sem leikin var um fyrirtæki og fjármálakerfi þjóðarinnar á miss-erunum og árunum eftir hrun. Hún er nauðsynleg lesning fyrir alla þá sem vilja kynna sér hvað gerðist bak við tjöldin og tengdist viðskiptalífínu eftir bankahrunið í október árið 2008.

